

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Skrindi nr. Þ 137/564
komudagur 8. 7. 2009

Nefndasvið Alþingis
B.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

8. júlí 2009

Tilvísun: 2009070015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, 137. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, er barst eftirlitinu þann 24. júní sl. Í tölvupóstinum óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, 137. mál.

Fjármálaeftirlitið vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:


Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að ákvæði frumvarpsins fái lagagildi eins fljótt og unnt er.

Með núgildandi lögum um gjaldeyrismál fá ákveðnir aðilar heimild til milligöngu um gjaldeyrisviðskipt en öðrum aðilum er það óheimilt. Fjármálaeftirlitið telur mjög mikilvægt að sú starfsemi, þ.e. að stunda óheimilaða milligöngu um gjaldeyrisviðskipti, sé ekki einungis óheimil heldur einnig refsiverð. Slíkt hefur fælingarmátt í för með sér auk þess sem slíkt getur torveldað önnur brot gegn lögnum og reglum settum á grundvelli laganna.

Fjármálaeftirlitið telur það einkar mikilvægt að heimildir þess varðandi rannsókn meintra brota séu skýrar og að eftirlitið hafi viðtækar heimildir til rannsókna.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason



Barbara Inga Albertsdóttir